

Skeiðarársandur - Skýrsla

Tilgangur

Tilgangur rannsóknarinnar er að fylgjast með vexti og fjölda planta á Skeiðarársandi frá árinu 2009 til dagsins í dag.

Efni / áhöld


Harðspjaldamappa með eyðublöðum, 2 reipi, lambamörk, 2 tangir, 2 rauðir spottar, tommustokkur og bók um flóru Íslands.

Lýsing á framkvæmd

Farið var frá Framhaldsskólanum rúmlega 8:00 um morguninn þann 29. ágúst. Það var þurr í veðri, logn, og hiti um 10°C. Þegar komið var á svæðið var hópnum skipt niður og fékk hver hópur ákveðinn reit. Fyrst fóru allir saman í reit 3 þar sem var sýnikennsla á því sem átti að gera í öllum reitum. Hóparnir gengu síðan um sandinn og fundu sinn reit. Það fyrsta sem gert var við hvern reit var að taka mynd af honum frá sama punkti og var gert árin áður. Næsta skref var að afmarka reitinn með þráðum, til að auðveldara væri að skipta honum niður í lengjur. Lengjurnar voru til þess að auðvela talninguna á plöntunum. Fjórir úr hópnum sáu um að halda 2 reipum yfir reitnum í hálfmeters fjarlægð á milli. Síðan voru tveir sem töldu birki- og víðiplöntur sem lágu innan þeirrar lengju. Ferlið var síðan endurtekið fimm sinnum út allan reitinn. Næst var spáð í reitnum sem heild, gróðurþekja var áætluð, og hlutfall mosa af gróðurþekju. Svipast var um eftir öðrum plöntum og öðrum áhugaverðum atriðum. Stakar plöntur yfir 10cm voru því næst skoðaðar og mældar. Þær voru merktar með lambamörkum og plöntur sem voru yfir 10cm en höfðu ekki mark voru merktar. Hæð plantanna var mæld, lengsti árssproti, fjöldi rekla talinn og skoðað hvort einhver merki væru um beit eða afrán skordýra.


Niðurstöður

Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að það var ekki aukning á víðiplöntum frá árinu 2015, heldur var töluvert mikil fækkun á milli ára. Það bættist aðeins við ein birkiplanta frá árinu 2015. Fjöldi víðiplantna árið 2011 voru 20 en aðeins voru 2 árið eftir. Ástæða óvenjulegs fjölda planta árið 2011 gæti verið vegna gossins í Grímsvötnum þar sem mikil aska dreifðist yfir svæðið þar sem mælingar fóru fram (Sjá mynd 1.).




Mynd 1.

Stærsta plantan í reit 1 var planta P1. Skoðað var nánar hvernig hún hefur vaxið á milli ára. Þegar mælingar fóru fyrst fram árið 2009 var plantan 42 cm á hæð, í nýjustu mælingum árið 2016 var plantan mæld 72 cm. Hefur því plantað vaxið 30 cm á 7 árum. Aðeins 2 sinnum hefur plantan minnkað milli ára, árin 2011 og 2015. Líklega hefur gosið á Grímsvötnum ekki haft mikil áhrif á tiltekinnna plöntu (Sjá mynd 2.).



Mynd 2.

Að lokum var athuguð ummerki um beit og skordýr á öllum plöntunum í reitnum. Árin 2009 og 2011 voru engin ummerki um skordýr, aðeins ummerki um beit. Árin 2010 og 2012 voru engin ummerki um hvorki beit né skordýr. Árin 2013 og 2015 voru ummerki um skordýr en ekki nein ummerki um að einhver beit hafi verið í reitnum. Árin 2014 og 2016 voru bæði ummerki um beit og skordýr í reitnum (Sjá mynd 3.)



Mynd 3.

Samantekt

Í reit 1 voru færri plöntur heldur en í fyrra, en þeim hefur verið að fjölga síðan árið 2012 og er þetta breyting á því mynstri. Mikil fækkun var á víðiplöntum frá árinu áður í reit 1, en fjöldi birkiplantna var nánast sú sama. Það voru bæði ummerki um skordýr og beit í reit 1 og það hefur aðeins gerst einu sinni áður, árið 2014. Það kom á óvart hversu margar plöntur voru á svæðinu, og einnig hvað það var mikið af berjum.